



Aðlögun 4. brautar á Hlíðavelli að nýjum lóðum við Súluhöfða í Mosfellsbæ

Unnið af Edwin Roald fyrir Mosfellsbæ
6. nóvember 2019

Samantekt

Fyrirhuguð og yfirstandandi fjölgun lóða við Súluhöfða nær yfir svæði sem búast má við að golfboltar lendi á, verði breytingar ekki gerðar á 4. braut Hlíðavallar. Ýmsar breytingar má gera á brautinni til að lágmarka hættu frá misheppnuðum golfhöggum. Hugmynd að uppsetningu netgirðingar eða álíka fyrirstöðu við teig brautarinnar hefur verið viðruð. Þó hún komi áfram til greina, þá er hér bent á að notagildi geti verið bæði takmarkað og fjárfesting í henni aðeins tímabundin eða til bráðabirgða. Þá ríkir óvissa um kostnað við þá lausn. Bent er á að gera megri varanlegri breytingar, einkum með breyttum slætti brautar og gerð nýrrar flatar, fyrir óverulegan eða jafnvel engan viðbótarkostnað.

Netgirðing



Mynd 1. Netgirðing eða önnur fyrirstaða við teig hefur takmarkað notagildi, m.a. vegna “björgunartilrauna” kylfinga eftir algerlega misheppnuð teighögg. Þó skal tekið fram að slík tilvik eru e.t.v. ekki mjög algeng.

Grófir útreikningar með nýrri tækni, sem fyrirtæki undirritaðs hefur þróað og hefur vinnuheitið Golf Shot Forecasting (GSF), benda til að netgirðing þurfi að ná umtalsverðri lengd og hæð til að þjóna umræddum tilgangi. Sú þörf helgast m.a. af mismunandi vindáttum og vindstyrk auk þess hve mikill hliðarsveigur getur verið á flugi golfbolta eftir misheppnuð högg. Netgirðing gæti því þurft að ná nokkuð langt fram fyrir upphafsteig til að “grípa” bolta sem flýgur beint í upphafi en sveigir síðan í átt að byggðinni. Landið við 4. teig lækkar eftir höggstefnunni. Því þarf netgirðingin að vera enn hærri við fjærendann en ef hún stæði á sléttlendi.

Á þessu stigi var ákveðið að bíða með nákvæmari útreikninga, einkum vegna þeirrar ályktunar að notagildi netgirðingar, sama hversu löng og há hún er, sé takmarkað þar sem að hún fyrirbyggi ekki hættulegar “björgunartilraunir” kylfinga í næsta höggi á eftir misheppnuðu teighöggi, sjá mynd 1.

Netgirðing hefur eftirtalda annmarka:

1. Neikvæð sjónræn áhrif.
2. Missir á útsýni, m.a. úr nærliggjandi húsum til sjávar.
3. Bráðabirgðaaðgerð, ekki varanleg fjárfesting.
4. Gæti verið álitin þvingandi aðgerð með neikvæðum áhrifum á upplifun notenda. T.d. gæti kylfingum sem slá flest högg sín í sveig til vinstri reynst ómögulegt að slá teighögg sín á brautina. Enn fremur gæti þetta átt við um langflesta kylfinga í austanátt, tíðustu vindáttinni á svæðinu skv. meðfylgjandi vindrós af vindatlas.vedur.is.
5. Leysir ekki hættu sem skapast getur í næsta höggi eftir "herfilegt" upphafshögg, ef boltinn hefur aðeins farið nokkra tugi metra áleiðis, en þó fram fyrir netgirðinguna.

Varðandi kostnað við uppsetningu netgirðingar, þá var leitað upplýsinga hjá Golfklúbbi Selfoss (GOS) og Golfklúbbum Keili (GK) í Hafnarfirði.


GOS setti upp net meðfram bráðabirgðaeftingarsvæði sínu, sem notað verður í fáein ár meðan framkvæmdir standa yfir við golfvöll klúbbsins. Tölur yfir kostnað eru nokkuð á reiki, þar sem klúbburinn annaðist sjálfur alla vinnu við uppsetningu. Efniskostnaður hljóp aðeins á fáeinum hundruðum þúsundum króna. Grafið var fyrir staurum, sem smíðaðir voru sérstaklega fyrir GOS, með smágröfu klúbbsins og þeir settir niður án þess að steypar hafi verið sérstakar undirstöður. Framkvæmdir fóru fram snemma sumars 2019 og því hefur umrætt net ekki enn farið gegnum heilan vetur með tilheyrandi frosti, þýðu og vindhörkum. Reiknað er með að sambærileg framkvæmd í Mosfellsbæ, með aðkeyptri vinnu verktaka, myndi kosta um 2-3 m.kr. Við þá tölu þarf að bæta landmótun og frágangi í kring. Því er hæpið að kostnaður verði undir 4-5 m.kr.

GK setti upp um 55 m langa og 8 m háa netgirðingu milli æftingarsvæðis síns (driving range) og nærliggjandi bílastæðis. Eftirfarandi kom fram í samtali við Ólaf Þór Ágústsson, framkvæmdastjóra GK: "Svona net tekur á sig talverðan vind. Þess vegna þurftum við að grafa fyrir og steypa undirstöður fyrir hvern staur. Reiknað var út að hærra net hefði þurft að festast í samfellda, steypa undirstöðu, einskona neðanjarðarvegg, og þannig orðið mun dýrara. Okkur reiknast til að kostnaður sé um 1 milljón króna á hvern staur."

Sex metrar eru á milli staura í Hraunkoti. Keilismenn gátu fest báða enda netgirðingarinnar í nærliggjandi mannvirki, en á 4. teig Hlíðavallar þyrfti væntanlega að staga það við báða enda í jörðu. Í Hafnarfirði eru 40 milli ystu staura. Miðað við að 1 m.kr. kostnað á hvern staur ætti hver lengdarmetri á 8 m hárra girðingu að kosta um 250 þúsund krónur, eða 9 milljónir á 40 metrum. Við þetta bætist kostnaður við jarðvinnu og frágang á svæðinu næst girðingunni, hvers kyns breytingar sem talið er að gera þurfi á sjálfum teignum o.þ.h.

Hafa þarf í huga að netgirðing á Hlíðavelli þyrfti líklega ekki að ná 8 m alla leiðina, en á mótí kemur að hæðin þyrfti líklega að vera meiri en 8 m á öðrum kafla. Grófir útreikningar gefa til kynna að netið þurfi að fara upp fyrir 8 m ef/þegar fjarlægð þess frá höggstað er komin í um 30 metra, eins og t.d. ef/þegar bolti flýgur í miklum hliðarsveig.


Færsla brautar



Mynd send GM og bæjarstjóra Mosfellsbæjar í tölvupósti 11. október 2019. Rauði hringurinn er viðbót, en hann táknar hugsanlegan stað fyrir nýja flöt, sem getur fyrst þjónað núgildandi 4. braut og síðar 2. braut sbr. framtíðarsýn frá 2010 á næstu síðu. Lykilatriði hér er að flötin halli til vesturs og að óþægilegt verði að slá inn á hana frá hægri, til að draga sem mest úr því að teighögg leiti í þá átt. Endurskoða mætti tillögu um gróðursetningu stálpaðra trjáa, þar sem þau gætu skert útsýni úr neðstu húsum.

Hægt er að breyta lögun brautarinnar alfarið með slætti, þar sem nærsvæðið er allt grasi vaxið. Til greina kemur að gera það, sbr. mynd 2, og fjárfesta varanlega í nýrri flöt fjær byggð, á grunni úttekta sem undirritaður vann fyrir Mosfellsbæ 2010, sjá myndir 3 og 4. Þó að eftir henni verði ekki endilega farið í smáatriðum, þá verður að teljast mjög líklegt að sá hluti þeirrar lausnar, sem hér er til skoðunar, verði ofan á. Útlit er fyrir að ekki verði hjá því komist að snúa við þessum kafla golfvallarins, þar sem vallarsvæðið er þrengst milli byggðar og strandstígs.

Framkvæmdir geta farið fram vor og sumar 2020. Með hliðsjón af því verklagi sem þróað hefur verið í golfvallagerð á Íslandi hin síðari ár er raunhæft að reikna með að flötin geti orðið leikhæf undir lok sömu vertíðar, a.m.k. allt leiksumarið 2021.



Skjáskot úr tillögu undirritaðs sem unnin var fyrir Golfklúbbinn Kjöl og Mosfellsbæ 2010.



Nærmynd úr sömu tillögu. Gera má nýja flöt strax, sem fyrst þjónar nógildandi 4. braut, en fær síðan nýtt hlutverk sem flöt á 2. braut í framtíðarskipulagi. Til að liðka fyrir skammtímalausninni má færa hana ögn sunnar en sýnt er hér (rauð ör).

Árekstrar óhjákvæmilegir

Óhjákvæmilegt er að einhverjir árekstrar eða leiktafir verði, en hér er litið svo á að betra sé að þeir verði innbyrðis, innan vallar og milli kylfinganna sjálfra sem líklegri eru til að gera viðeigandi ráðstafanir, fremur en að árekstrar verði milli golfleiks og byggðar. Á hinn bóginn er ekki víst að árekstrar milli kylfinga á 4. og 8. braut verði meiri eða algengari en nú er, því þeir eru umtalsverðir nú þegar. Með færslu á 4. teig færist landingarsvæði flestra teighögga sömuleiðis og slítur það frá algengu landingarsvæði teighögga á 8. braut. Í dag er algengt að kylfingar á báðum brautum gái að sér eða bíði eftir að kylfingar á nærliggjandi braut slái högg sín. Árekstrar eru því óhjákvæmilegir nema önnur hvor eða báðar brautir verði stytta umtalsvert og ganga milli þeirra og næstu brauta í leikröðinni verði talin óþægilega löng.

Íslandsmót 2020

Sé það eftirsóknarvert, þá má hæglega gera ráðstafanir til að brautin verði leikin í óbreyttri, núgildandi mynd, á fyrirhuguðu Íslandsmóti í höggleik 2020, enda verði engir íbúar fluttir inn í umrædda götu þegar það fer fram í ágúst.

Önnur hugsanleg næstu skref

Með gögnum og hugbúnaði sem fyrirtæki undirritaðs hefur þróað má reikna út lengd og hæð netgirðingarinnar með nokkurri nákvæmni. Líklega er skynsamlegt að fjárfesta í slíkri undirbúningsvinnu m.t.t. til hugsanlegrar lækkunar á framkvæmdakostnaði sem með henni fengist. Eigi að síður virðist, fljótt á litið, hagstæðara að falla frá áformum eða hugmyndum um netgirðingu og verja sambærilegum eða jafnvel minni fjármunum til annars konar breytinga á vellinum, sem orðið geta varanlegar.

Niðurstöður

Af þessu er ályktað að erfitt verði að gera netgirðingu eða álíka hindrun, t.d. með gróðursetningu trjáa, ódýrari en fyrrnefnda hagræðingu brautarinnar með gerð nýs teigs og flatar. Lagt er til að byrjað verði á að stytta brautina og hliðra henni með breyttum slætti eins og hér er sýnt, á meðan annað af tvennu neðangreindu er gert:

- A. Unnið að nýrri flöt fjær byggð, sem getur orðið hluti af framtíðarskipulagi á þessum þrengsta hluta Hlíðavallar.
- B. Hindrun, þ.e. netgirðing, landmótun og/eða gróðursetning, sett upp við teig.

Frumáætlun gerir ráð fyrir að leið A kosti um 6-7 m.kr. Erfiðara er að áætla kostnað við leið B án þess að ráðast í ítarlega greiningarvinnu út frá gagnabanka okkar yfir mælt boltaflug frá tugþúsundum sleginna högga, en fljótt á litið er talið hæpið að kostnaður við leið B verði undir u.þ.b. 4-5 m.kr. Kostnaður við leið A er betur þekktur, þar sem slíkar framkvæmdir eru mun algengari og færri óþekktar stærðir þar inni í myndinni.